

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag iðnaðarsvæðis í Bíldudalshöfn og Hafnarteigs 4, Vesturbyggð.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti þann 25. febrúar 2013 nýtt deiliskipulag iðnaðarsvæðis í Bíldudalshöfn og Hafnarteigs 4.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag byggt á áður ógiltu deiliskipulagi fyrir Hafnarteig 4 og aðliggjandi svæði.

Nýja deiliskipulagið fjallar í meginatriðum um stækkun landfyllingar í samræmi við gildandi aðalskipulag, lóðin fyrir Hafnarteig 4 verði stækkuð til norðurs og byggingareitur stækkaður vegna nýs þurrkarahúss og húss fyrir forþurrkun hráefnis og mötun hráefnis til beggja þurrkara Kalkþörungaverksmiðjunnar á Bíldudal. Einnig er ráðgert að lóðarmörkum Hafnarteigs 140609 og Strandgötu 2 verði breytt þannig að gata, sem var fyrirhuguð milli lóðanna, verði felld niður.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Vesturbyggð, 26. febrúar 2013.

Pórir Sveinsson, starfandi bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. febrúar 2013